

Hverfisnefnd Naustahverfis

28. fundur haldinn í Naustatjörn þann 16.11.2010 kl. 20:00

Mættir: Ásdís, Bjarni, Björk, Gísli, Hrafnhildur, Ómar og Anna Sjöfn kíkti við á lokamínútunum.

Dagskrá:

1. Flokkun á sorpi:

Aðeins var fjallað um kynningarfundinn um sorphirðu og flokkun á sorpi sem fram fór í Naustaskóla í gær 15.11.2010. Þeir sem mættu á fundinn voru misánægðir. Allir voru þó sammála um að flokkun á sorpi sé rétta leiðin aðeins sé spurning hvernig rétt sé staðið að henni og voru fleiri en færri á því að þetta væri ekki besta leiðin.

2. Röðun í embætti stjórnar næsta starfsár:

Formaður: Hrafnhildur Karlsdóttir

Varaformaður: Bjarni Sigurðsson

Ritari: Anna Sjöfn Jónasdóttir

3. Vetrarstarf nefndarinnar:

Á aðalfundi höfðu komið fram ábendingar um að gott væri að hverfisnefndin kæmi með tillögur og ábendingar um svæði sem betur mættu fara og um byggingar og grunna sem jafnvel gætu verið hættulegar – hættulegir.

4. Íþróttastaða:

Ásdís spurðist fyrir hvort ekki væri hægt að fara í viðræður við KA og Íþrótt- og tólmstundaráð varðandi æfingar og aðstöðu fyrir æfingar í Naustahverfi. Samþykkt var að leita eftir fundi með fulltrúum frá þessum aðilum.

5. Vegur að tjaldsvæðinu á Hömrum:

Á aðalfundi komu upp umræður um vegaúrbætur að tjaldsvæðinu á Hömrum og þar var lögð mikil áhersla á að gerður yrði göngu- og hjólastígur samhliða veginum þar sem hann er mikið nýttur af útivistarfólki. Ómar tók að sér að senda inn erindi til framkvæmdadeildar vegna þessa máls.

6. Jólatri:

Anna Sjöfn sagðist sakna þess að í þessu hverfi væri ekki fallett jólatri eins og í öðrum hverfum bæjarins. Anna Sjöfn og Björk tóku að sér að hafa samband við Jón Birgi hjá Akureyrarbæ og kanna möguleika á að fá jólatri í námunda við skólann.

Björk Guðmundsdóttir ritaði fundargerð